


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	ÍSLE3UM05	Námsáætlun haustönn 2016

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir	Sk.st.	ÁBE
----------------	-------------------------	---------------	-----

Málfræði og málsaga

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður fjallað um málfræði með óhefðbundnum og hefðbundnum hætti. Rætt verður um það hvernig mál verða til og þróast, skyldleika tungumála og íslenska málfræði og hún tengd íslenskri málsögu. Rýnt í grundvöll orðflokkgreiningar, bæði í íslensku og öðrum tungumálum, skyldum sem óskyldum, og hlutverk orðflokka í tungumáli. Farið verður í uppruna orða og skyldleika, eiginlega og yfirfærða merkingu þeirra, orðtök og málshætti. Saga og þróun íslenskunnar rakin í stórum dráttum frá upphafi til okkar daga. Nemendur vinna fjölbreytt og skapandi verkefni sem byggjast á öflun heimilda af ýmsu tagi og kynna niðurstöður þeirra. Áhersla er á að nemendur sýni frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð, beiti fræðilegum aðferðum og gagnrýnni hugsun. Nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða með öðrum.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- hvernig tungumál greinast í orðflokka og innbyrðis afstöðu þeirra
- uppruna og þróun tungumála
- skyldleika tungumála
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast í ræðu og riti, sem og til náms í erlendum tungumálum
- íslenskri málsögu
- orðaforða sem nægir til að lesa og vinna með fræðitexta sem tengjast efninu
- blæbrigðum íslensks máls
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda
- frágangi og skráningu heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta málfræðihugtök af öryggi í umræðum um málið og þróun þess, menningu og sögu.
- lesa og vinna með fræðitexta sem tengjast viðfangsefninu
- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýnninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- koma efni frá sér á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli
- nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og málsögulegar vísanir í tal- og ritmáli
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ÍSLE3UM05 Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja mat á og efla eigin málfærni og annarra, t.d. með því að nýta málfraeðiupplýsingar sínar og þekkingu á íslenska málkerfinu
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta, á vönduðu og blæbrigðaríku máli
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á málsögulegum skírskotunum
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið
- nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við úrvinnslu og skil á verkefnum

Námsgögn:


Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal. 10. útgáfa frá 2010 (helst prentun 2012). Útgefandi er Mál og menning (Forlagið). Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson, 4. útgáfa, endurskoðuð 2007. Útgefandi: JPV-útgáfa.

Málfinnur, lítil málfraeðibók eftir Svanhildi Kr. Sverrisdóttur, hvaða útgáfa sem er. Útgefandi: Námsgagnastofnun.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (5 vikur) 22. ágúst – 23. sept. (vikur 34-38) **Hvernig verða tungumál til?** *Málfinnur* bls. 9-35, 38-43. Í þessari lotu verður farið í tilurð og byggingu tungumála, hlutverk beygingarformdeilda og íslenska borin saman við önnur tungumál þegar við á. Verkefni lotunnar eru tvö, annars vegar vinna nemendur tímaverkefni í málfraeði (8% af lokaeinkunn) þar sem reynir á ýmsa málfraeðilega þætti. Verkefnið geta nemendur unnið tveir saman ef þeir kjósa svo, auk þess sem þeir geta nýtt sér hjálpargögn. Hins vegar smíða nemendur nýtt tungumál og skila auk þess greinargerð um vinnuna (10%). Gert er ráð fyrir að nemendur vinni í þörum en þeir geta vitaskuld unnið sjálfstætt ef þeir kjósa svo. **Heildarvægi lotunnar er 18% af lokaeinkunn.** Nemendur hefja skrif dagbókar (10% af lokaeinkunn), með glósum og vangaveltum um efnið, sem þeir skila svo í lok annar.

2. lota (5 vikur) 26. sept. - 28. okt. (vikur 39-43) **Þróun tungumála** *Málfinnur* bls. 45-48, *Íslensk málsaga* bls. 9-54, 82-85 og 101-106. Þessi lota verður helguð skyldleika og þróun tungumála, fyrst og fremst með hliðsjón af íslensku.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	ÍSLE3UM05	Námsáætlun haustönn 2016


Helstu málbreytingar verða reyfaðar og rætt um orsakavalda þess að tungumál breytast. Unnið verður sérstaklega með málshætti og orðtök. Námsmat lotunnar verður í tvennu lagi. Annars vegar er um að ræða próf á Moodle úr efni lotunnar (5%). Hins vegar vinna nemendur með málshætti og/eða orðtök. Úrvinnsla og útfærsla verkefnisins er alveg í höndum nemenda (7%) en verkefnið kynna þeir svo fyrir samnemendum sínum. **Heildarvægi lotunnar er 12% af lokaeinkunn.**

3. lota (5 vikur) 31. okt. - 2. des. (vikur 44-48) Íslensk málsaga

Íslensk málsaga bls. 55-75, 93-96, 107-118 og 126-137. Farið yfir sögu íslenskunnar frá landnámi til dagsins í dag og fjallað um ýmis öfl sem áhrif hafa haft á tunguna, til „góðs eða ills“. Jafnframt verður íslensk málstefna kynnt og vöngum velt yfir því hvort þörf er á slíku plaggi nú á tímum. Loks verður íslensk nafnahefð tekin fyrir og rætt um umdeild mannanafnalög. Tvö verkefni gilda til lokaeinkunnar í þessari lotu, annars vegar er um að ræða heimildaverkefni sem gildir 15% af lokaeinkunn. **Þeir nemendur sem fá lægri einkunn en 7 fyrir ritgerðina þurfa að skila henni aftur, endurbættri með hliðsjón af athugasemdum kennara.** Síðara verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn og í því felst að nemendur skrifa stutta greinargerð um eigið nafn þar sem þeir skoða m.a. hvernig það var valið, hve gamalt það er í málinu, hve algengt það er og hver merking þess er. Nemendur kynna efni greinargerðarinnar hvert fyrir öðru ef tími gefst. **Heildarvægi lotunnar er 20% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Tímaverkefni	Tímaverkefni í málfræði, með gögnum. Paraverkefni	8%	
Tungumála-smíði	Nemendur útbúa tungumál og skrifa greinargerð um vinnuna. Paraverkefni	10%	
Moodle- próf	Próf úr efni 2. lotu. Einstaklingsverkefni	5%	
Skapandi verkefni	Málshættir og orðtök. Útfærsla efnis frjáls. Para-/hópverkefni (2-3 saman)	7%	
Greinargerð	Stutt greinargerð um nöfn nemenda. Einstaklingsverkefni	5%	
Heimilda-verkefni	Heimildaverkefni úr efni 3. lotu. Paraverkefni	15%	
Dagbók	Dagbók með glósum og vangaveltum um efni annarinnar. Einstaklingsverkefni	10%	
Lokapróf	Lokapróf með gögnum. Einstaklingsverkefni	40%	
	Samtals:	100%	
Annað: Í áfanganum er lokapróf með hjálpargögnum. Nánari upplýsingar þegar nær dregur prófi.			


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	ÍSLE3UM05	
	Námsáætlun haustönn 2016	


Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagsstj eða staðgengils